

Nd. 433. Frumvarp til laga

um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Skipa skal söngmálastjóra fyrir hina íslensku þjóðkirkju. Skal hann vera söngfróður maður og vanur að kenna söngflokkum. Heldur hann námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim um söngkennslu og söngstjórn, aðstoðar þá við stofnun safnaðarsöngflokka, heldur almenn námskeið í safnaðarsöng og vinnur á annan hátt að því, með prestum og organistum, að íslenskur safnaðarsöngur verði sem almennastur og fegurstur.

Jafnframt leiðbeinir hann prestum, eftir því sem við verður komið, um tón og rétta beitingu raddar.

Biskup setur söngmálastjóra erindisbréf. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra í samráði við biskup. Ráðherra ákveður laun söngmálastjóra og ferðakostnað hans.

3. gr.

Nánari reglur um starfssvið söngmálastjóra setur biskup í erindisbréfi og starfsáætlun fyrir hvert ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk biskups og þjóðkirkjuráðs, og fylgdu því svolátandi skýringar:

Góður söngur lyftir hug og hjarta, innan kirkju og utan. Söngurinn er því mikilvægur þáttur guðsþjónustunnar. Hið opinbera hefur enn sem komið er lítið til þess gert að efla kirkjusönginn í landinu og auka áhuga fyrir honum. Hefur honum mestmegnis verið haldið uppi af sjálfboðaliðum og áhugamönnum, sem margir hverjir hafa á því sviði unnið mikið og fórnfúst starf. Kirkjuorganistar fá margir ekki nema nokkra tugir króna á ári fyrir allmikið starf í þágu söngsins og ferðalög, og sumir ekkert. Er þess ekki að vanta, að þeir geti miklu kostað sér til undirhúnings undir það starf, sem svo er launað. Og verður þá því tilfinnanlegra, að þeir skuli ekki eiga kost neinna leiðbeininga, eftir að þeir hafa tekið við starfinu. Komið hefur í ljós, að erfiðleikar í söngmálum safnaðanna fara vaxandi með hverju ári, sem líður. Er þetta víða orðið hið mesta áhyggjuefni og sums staðar hefur það komið fyrir oftar en einu sinni, að guðsþjónustur hafa fallið niður vegna þessara erfiðleika.

Hér þarf að hefja nýtt viðreisnarstarf. Jafnframt því, sem það styður að því að fólk ræki kirkju sína, að safnaðarsöngur sé í góðu lagi, er hér um mikið menningaratriði að ræða. Hér er svo mikið verkefni, að óhugsandi er, að þessum málum verði komið í horf án þess að sérstökum manni sé falið að hafa forystu í þessu viðreisnarstarfi í söfnuðum landsins. En ef kirkjan fær söngmálastjóra, væntir biskup og kirkjuráð þess, að fá megi honum, með aðstoð prestakallasjóðs, góða aðstoðarmenn til þess að halda söngnámskeið og koma kirkjusöng í betra horf, þar sem söngmálastjóri nær eigi þegar sjálfur til.

Á safnaðarfundum og héraðsfundum hafa mál þessi oft verið rædd, og á síðustu prestastefnu var svo látandi tillaga samþykkt í einu hljóði:

„Prestastefnan felur biskupi að vinna að því, að stofnað verði með sérstökum lögum söngmálastjóraembætti fyrir íslensku þjóðkirkjuna“.